viku. Í kjarna eru 31 kennslustund (bókleg fög, 3 stundir í list- og stundaskrá nemenda. Eftir standa 6 kennslustundir sem nemendur valgreinum. Valgreinar eru kenndar eftir hádegi alla daga eftir að

sameiginlegt val fyrir nemendur í því skyni að auka fjölbreytni í valgreinar undir „samvalsgreinar“ og valgreinar undir öðrum nemendum úr grunnskólum Akureyrar og á Lundarskóli eingöngu kennt í Lundarskóla og eru aðeins nemendur úr

metið, s.s. íþróttæfingar, tónlistarnám, skátastarfi eða tómsundastarfi í 1-4 klukkustundir á viku allan veturinn. Tvöfalt klukkustundir á viku allan veturinn. Foreldrar bera fulla ábyrgð á því og eiga skilyrðislaust að tilkynna deildarstjóra ef nemendur hætta í

Merkja skal við valgreinar með númerunum 1 upp í 7. Merkið 1 við þá grein sem mestur áhugi er fyrir og svo koll af kolli upp í 7. Best er að velja af sem flestum dögum. Þeir sem velja að fá tómsundir utan skólans metnar merkja við það neðst á blaðinu með krossi en ekki númeri. Metið val gengur alltaf fyrir öðru vali.

Mikilvægt er að nemendur og foreldrar kynni sér vel þær valgreinar sem standa til boða og velji það sem líklegast er að nemandinn vilji og treysti sér til að stunda **allt** skólaárið. Gefinn er tveggja vikna reynslutími og er eingöngu leyfilegt að færa sig milli valgreina á þessum tveimur fyrstu kennsluvikunum, eftir það er ekki hægt að breyta nema sérstakar ástæður liggi að baki.

Ef spurningar vakna varðandi valgreinarnar er velkomið að hafa samband við Fjölu Dögg Gunnarsdóttur deildarstjóra með pósti á fjolad@akmennt.is eða í síma 462 4888.



Nemendaráð

Við skólann starfar nemendaráð sem skipað er fulltrúum úr 6. – 10. bekk.

Reglur nemendaráðs

1. *grein:* Félagið heitir Nemendafélag Lundarskóla og hefur aðsetur þar.
2. *grein:* Allir nemendur Lundarskóla eru félagar í nemendafélaginu. Einungis nemendur í 8.-10. bekk mega sitja í embættum og einungis nemendur í 8.-10. bekk hafa atkvæðis og kosningarrétt. Nemendur í 6. og 7. bekk eru skipaðir í embætti af kennara.
3. *grein:* Hlutverk Nemendafélags Lundarskóla er að:
 - að gæta hagsmuna nemenda í skólanum.
 - að miðla upplýsingum milli nemenda og stjórnenda skólans.
4. *grein:* Stjórn Nemendafélags Lundarskóla skipa 7 aðilar úr 8.-10. bekk og 2 aðilar úr 6. og 7. bekk.
5. *grein:* Ný stjórn er kosin í upphafi hvers árs með lýðræðislegum, leynilegum kosningum.
6. *grein:* Stjórn félagsins skal funda a.m.k. 1 skipti í mánuði. Skyldumæting er á fundi og ber að tilkynna félagskennara forföll, ef fulltrúi getur ekki mætt á hann að útvega varamann í sinn stað.
7. *grein:* Nemendur sem sitja í Nemendaráði skulu leitast við að vera til fyrirmyndar og þeir nemendur sem neyta áfengis, vímuefna eða tóbaks, geta ekki verið í nemendaráði. Ekki er heimilt að ræða mál einstaka nemenda í ráðinu.
8. *grein:* Endurskoða skal lög félagsins árlega. Lög þessi skulu þegar taka gildi og falla þar með önnur lög sem sett hafa verið úr gildi. Samþykkt af öllum kjörnum fulltrúum í nemendafélagi.

Nemendaráð Lundarskóla 2020-2021:

10. bekkur: María Guðrún Eiríksdóttir og Sigurbjörg Brynja Ingvarsdóttir (varam. Kristín Lára Rbertsd. Pells og Sigrún Rósa Víðisdóttir)
9. bekkur: Elín Birna Gunnlaugsdóttir og Herdís Agla Víðisdóttir (varam. Ylfa Marín Kristinsdóttir og Elías Stevansson Bos)
8. bekkur: Alís Elmarsdóttir og Aldís Eva Aðalsteinsdóttir (varam. Magnús Páll Bergmann Ívarsson og Úlfar Örn Guðbjargarson)
7. bekkur: Emil Ragnar Reykjalin Ólafsson og Kristín Emma Hlynisdóttir



Tómstundastarf og félagslíf

Ómetanlegt er fyrir nemendur að taka þátt í félagsstarfi skólans. Við slíka þátttöku öðlast nemendur sterkari sjálfsmynd og færni í samskiptum. Þeir þurfa að taka ábyrgð á eigin gerðum og annarra, taka sjálfstæðar ákvarðanir og standa fyrir máli sínu. Einnig þurfa þeir rökstyðja skoðanir sínar þannig að aðrir skilji og vera færir um að koma fram fyrir hóp með skýr og skilmerkileg skilaboð. Nemendur öðlast einnig færni í leiðtogahlutverkinu, að leiða jafningja sína og starfa saman í hópum.

Félagsleg markmið:

Að nemendur:

- öðlist færni í tjáskiptum og styrkist þannig í að tjá sig og fylgja eftir skoðunum sínum, tilfinningum og hugðarefnum.
- læri að nýta sér fjölbreytilegar aðferðir í samskiptum, s.s. samræður, rökræður, leiki, söng og dans til að geta:
 - aukið sjálfstraust sitt
 - sýnt sanngirni
 - sýnt réttlæti og kurteisi
 - leyst ágreining á farsælan hátt
 - staðist neikvæðan þrýsting frá jafningjum og áróðri umhverfisins.
- geri sér grein fyrir því hvernig tilfinningar og líðan hafa áhrif á hegðun og samskipti
- geti sett sameiginlegar leikreglur með öðrum í tengslum við ýmis viðfangsefni.



Salur Lundarskóla er fjölnota salur í stjórnunarálmum skólans. Þar eru haldnir dansleikir, hátíðasamkomur, leiksýningar, fundir, tónleikar og aðrir viðburðir sem ekki teljast til hefðbundins skólastarfs. Salurinn er einnig matsalur nemenda. Bekkjarkvöld eru ýmist haldin í stofum nemenda eða í salnum.

Dansleikir: Á hvorri önn er gert ráð fyrir a.m.k. einum dansleik fyrir yngsta stig og öðrum fyrir miðstig. Auk þess er gert ráð fyrir nokkrum dansleikjum fyrir unglingastigið á skólaárinu og lýkur þeim kl. 23:30 en árshátíð unglínganna kl. 24:00. Nemendur 10. bekkjar halda dansleikina. Með því afla þeir fjár fyrir ferðasjóð 10. bekkjar. Umsjónarkennarar 10. bekkjar hafa umsjón með skipulagningu og gæslu. Leitað er til foreldra um aðstoð við gæslu.

Árshátíð: Árshátíðin verður 10. og 11. febrúar 2020.

Fundir: Ýmsir fundir með nemendum og fræðslufundir fyrir nemendur, s.s. um forvarnir.

Félagsstarf á vegum foreldra:

Fulltrúar foreldra í bekkjarráðum skipuleggja félagsstarf með bekkjum og árgöngum.

Félagsstarf á vegum Akureyrarbæjar:

Félagsmiðstöðin Trója er staðsett í Rósenborg og er sameiginleg félagsmiðstöð fyrir Brekkuskóla, Lundarskóla, Naustaskóla og Oddeyrarskóla.

Félagsmiðstöðin býður upp á opið starf þar sem unglíngarnir sjálfir undir handleiðslu starfsmanna skipuleggja og sjá um viðburði. Einnig er í boði öflugt klúbbastarf sem fer fram að hluta utan hefðbundins opnunartíma. Þeir klúbbar sem í boði eru í vetur eru: 8. bekkjarklúbbur, stelpuklúbbur, strákaklúbbur, kvikmyndaklúbbur, myndlistaklúbbur, stuttmynda- og ljósmyndaklúbbur og hönnunarklúbbur. Öllum er velkomið að taka þátt í klúbbastarfinu og hægt er að skrá hjá starfsmönnum félagsmiðstöðvarinnar.

Námskeið: Samfélags- og mannréttindadeild býður upp á ýmis námskeið fyrir 4. – 7. bekk og einnig fyrir unglíngina í 8.-10. bekk. Eitt af markmiðum samfélags- og mannréttindadeildar er að leitast við að gera öllum börnum kleift að sækja tómstundastarf að skóladegi loknum. Námskeiðin fara flest öll fram í Rósenborg en heimilisfræðistofur eru nýttar í skólunum.



Skólareglur

Í janúar 2009 var tekin upp SMT-skólafærni. Markmið SMT-skólafærni er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir óæskilega hegðun nemenda með því að gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti, kenna og þjálfa félagsfærni og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Skólareglur/ reglutöflu Lundarskóla er að finna á heimasíðu skólans undir SMT tengli.

Ákvæði um skólareglur:

1. Í Lundarskóla er í gildi punktakerfi á unglingastigi.
2. Skólareglur Lundarskóla og punktakerfi gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans.
3. Gerist nemandi brotlegur að öðru leyti en getið er í reglum þessum, er unnið samkvæmt 30. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 og nánari ákvæðum reglugerðar um skólareglur og aga í grunnskólum.
4. Stjórnendur skólans áskilja sér þann rétt að endurskoða reglur eftir því sem við á hverju sinni.

Viðurlög við brotum á skólareglum

- A. Verði misbrestur á að tilkynna forföll er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.
- B. Ef nemandi veldur verulegri truflun í kennslustund og lætur sér ekki segjast við áminningu kennara er heimilt að vísa nemandanum úr tíma. Komi til slíkrar brottvísunar skal nemandi fara tafarlaust til skrifstofu deildarstjóra/skólastjóra. Umsjónarkennara skal gerð grein fyrir agabroti nemandans og forráðamenn látnir vita.
- C. Nemendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum skólans, starfsfólks eða skólafélaga sinna. Týni nemandi bók sem skólinn lánar eða veldur á henni skemmdum skal viðkomandi bæta tjónið.
- D. Verði nemandi uppvís að notkun fjarskiptatækja eða tölvuleiktækja í kennslustund gilda „Símareglur Lundarskóla“ <http://lundarskoli.is/wp-content/uploads/2017/09/S%C3%ADmareglur-Lundarsk%C3%B3la.pdf>



- E. Gerist nemandi sekur um alvarleg brot á skólareglum eða lögum almennt hvar sem er á vegum skólans er haft samband við forráðamenn og þeir beðnir að ná í nemandann aða lögregla kölluð til séu atvik þess eðlis. Brjóti nemandi reglur skólans á ferðalögum má gera ráð fyrir að nemandinn verði sendur heim á kostnað forráðamanna.
- F. Brjóti nemandi reglur skólans, færir kennari, deildarstjóri/skólastjóri það inn í persónumöppu nemandans.

Ef nemandi gerist sekur um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum er honum veitt áminning. Beri áminningin ekki viðunandi árangur er heimilt að vísa honum tímabundið úr skóla meðan leitað er úrlausna á hans málum enda verði forráðamönnum og fræðsluyfirvöldum tilkynnt tafarlaust um ákvörðun skólayfirvalda og veittur andmælaréttur.

Kynning á skólareglum

Farið er yfir skólareglurnar/reglutöfluna og punktakerfið með nemendum í upphafi skólaárs, oftast fyrsta kennsludaginn. Ákveðin eftirfylgni er svo skv. SMT-árshjólinu allan veturinn. Reglutaflan hangir uppi í kennslustofum og er birt á heimasíðu skólans. Punktakerfið er birt í bekkjarnámskrám unglíngastígs. Á kynningarfundum í september er SMT-skólafærni og punktakerfið kynnt fyrir foreldum.

Ferðalög

Almennar skólareglur gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans. Fari nemandi ekki eftir reglum skólans á ferðalögum er haft samband við foreldra.

Íþróttahús og sundlaug

Í íþróttahúsi og sundlaug gilda almennar skólareglur en auk þess eftirfarandi reglur:

Íþróttahús

- Nemendur fá að fara inn í búningsklefa 5 mínútum fyrir kennslustund.
- Nemendur bíða í klefanum þar til kennarinn sækir þá. Ekki er heimilt að fara fram á gang áður en kennsla hefst.



- Nemendum ber að forðast óþarfa hávaða s.s. hróp og köll, einnig ber að forðast hlaup og stympingar á göngum og í búningsklefum.
- Nemendur baði sig að loknum íþróttatíma nema foreldrar/forráðamenn semji um annað við íþróttakennara.
- Nemendur gangi snyrtilega frá fötum sínum í búningsklefum, hengi þau upp og gæti þess að ekkert verði eftir í lok tímans.

Sundlaug

- Yngri nemendur bíða á bekk við suðurvegg í forstofu, eða á kaffistofu ef ekki er pláss á bekk. **Unglinga- og miðstig mæta 5 mínútum fyrir byrjun tíma í forstofu sundlaugarinnar.**
- Kennari tekur við nemendum í forstofu og merkir við. Komi nemandi of seint í tíma verður hann að fá leyfi starfsfólks til að fara ofan í.
- Nemendum er óheimilt að kaupa sig ofan í laug áður en sundkennsla hefst.
- Nemendur setja skó í skóhillur og ganga vel frá fatnaði í körfur í búningsklefum. Nemendur eiga að vera í inniklefum.
- Allir nemendur verða að þvo sér með sápu áður en farið er í laug.
- Nemendur verða að þurrka sér vel, sérstaklega þegar kalt er í veðri og nota húfur þegar farið er heim.
- Nemendur eiga að nota sundklæðnað (sundbol og sundskýlu), stuttbuxur og strandbuxur eru ekki sundföt.
- Nemendum ber að sýna starfsfólki tillitssemi og hlýðni í einu og öllu.
- Nemendum er óheimilt að vera með tyggjó í sundi.

Frímínútur

Nemendur í 1. – 6. bekk fara út í kennsluhléum daglega. Nemendur í 7.-10. bekk hafa val um hvort þeir dvelji úti eða inni í frítíma sínum. Nemendur þurfa að koma klæddir eftir veðri á hverjum degi. Útivistin er hugsuð sem frjáls tími fyrir nemendur, þar sem þeim gefst tækifæri til að leika sér saman og fá holla hreyfingu.



Starfsþróun og endurmenntun 2020-2021

Lundarskóli styður starfsmenn í viðleitni þeirra til að ná sem bestum árangri í skólastarfinu og besta mögulegum árangri með nemendum skólans. Með þetta að leiðarljósi skal leita að sterkum hliðum starfsmanna, virkja þær og styrkja.

Starfsþróunar- og endurmenntunaráætlun skólans tekur mið af neðangreindum markmiðum og einnig því ákvæði laga um grunnskóla að kennarar og skólastjórar skuli eiga kost á endurmenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína og kynnast markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum.

Markmið:

- að styrkja starfsmenn í því starfi sem fram fer innan skólans.
- að viðhalda og bæta menntun starfsmanna, auka þeim víðsýni og persónulega lífsfyllingu.
- að styrkja menntun/starfsþróun- og endurmenntun starfsmanna í samræmi við óskir þeirra sjálfra og í samræmi við stefnu skólans.

Skólinn býður upp á námskeið, teymisvinnu starfsþróunarhópa, jafningjastuðning og fyrirlestra í samræmi við markmiðin en auk þess geta starfsmenn sótt um styrki til endurmenntunar samkvæm eigin óskum í sjóði eigin stéttafélags. Þá verða haldin námskeið fyrir starfsmenn til að undirbyggja vinnu í samræmi við þróun á skólastarfi og stefnu skólans þar sem áhersla er lögð á Aðalnámskrá grunnskóla, SMT skólafærni, fjölbreytta kennsluhætti, námsmat/frammistöðumat, heilsueflingu, þróunarstarf, faglegt samstarf starfsfólks, samstarf milli skólastiga, skipulagða fundi, og aukið samstarf og gleði meðal starfsfólks. .

Kennarar í framhaldsnámi geta sótt um það til skólastjóra að fá nám sitt metið sem endurmenntun og í framhaldi af því um undanþágu frá námskeiðum á vegum skólans.



Áætluð starfsþróun og endurmenntun starfshópa og einstaklinga 2020 – 2021

Starfshópur	Lýsing á símenntun	Tilgangur	Tímabil	Tímafjöldi	Ábyrgð/kostnaður
Kennarar og stjórnendur	Endurmenntun á starfsdegi í ágúst	Aukin þekking og færni í starfi	14.ágúst	1 dagur	Skólastjórnendur á Akureyri og MSHA
Nýtt starfsfólk	Upplýsingar um skólann	Kynnast skólasamfélaginu.	17. ágúst	1-2 klst.	Skólastjórnendur
Skólaliðar/stuðningsfulltrúar	Námskeið	Aukin færni í starfi	Starfsdagar í ágúst (20. og 21. ágúst)	½ - 1 dagur	Símey
Þróunarteymi kennara	Þróun og aðhald á starfsáttum og stefnu skólans. Kennarar starfa í nefndum/teymum sem leggja áherslu á SMT skólafærni, heilsueflingu og framþróun á kennsluháttum, samstarfi á milli skólastiga, og erlendu samstarfi	Öðlast frekari færni í starfi og stuðla að jafningjastuðningi í námi og kennslu. Þróa starfshætti skóla	Allt skólaárið	Unnið meðal annars á starfstíma skóla. Teymi geta áætlað tíma utan starfstíma og skrá endurmenntun	Kennarar og skólastjórnendur Mögulegur stuðningur frá Miðstöð skólaþróunar HA
Kennarar	Samstarfsverkefni Erasmus Plus. Þróa starfshætti, nám og kennslu í samstarfi við erlenda skóla	Auka þekkingu, vísýni í námi og kennslu	Skólaárið 2020 -2021	Unnið meðal annars á starfstíma skóla. Teymi áætla tíma utan starfstíma og skrá endurmenntun	Skólastjóri og kennarar á unglingastigi og sem taka þátt í samstarfsverkefninu
Kennarar/allt starfsfólk	Jafningjafræðsla SMT	Aukin færni í starfi og viðhald á SMT skólafærni	Allt skólaárið	Unnið á starfstíma skóla	SMT teymi
Kennarar	Kynningar teyma á verkefnum í skólanum. Allir árgangar kynna verkefni/starfshætti. Jafningjafræðsla	Aukin þekking sem tengist kennslu og áhugasviði teyma	Vor 2020	Starfstími skóla að vori	Skólastjórnendur/kennarar

Lundarskóli



Starfsáætlun 2020-2021

Kennarar	Kynningar á þróunarstarfi nefnda/teyma. Þeir sem vinna að þróunarstarfi kynna verkefni/starfshætti. Jafningjafræðsla	Aukin þekking sem tengist kennslu og áhugasviði teyma	Haust 2020/vor 2021	Starfstími skóla að vori	Skólastjórnendur/kennarar
Kennarar	SMT/PMT fræðsla/námskeið	Grunnmenntun PMT	Haustönn/vorönn	Ca. 16-24 klst.	Fjölskyldudeild
Kennarar/allt starfsfólk	Heilsueflandi grunnskóli, jafningjafræðsla	Vellíðan í starfi og aukin þekking í tengslum við stefnu skólans um heilsueflandi grunnskóla	Allt skólaárið	Unnið á starfstíma skóla	Nefnd um heilsueflandi grunnskóla
Kennarar og stjórnendur	Námskeið/nám/ráðstefnur í tengslum við skólastarf	Aukin þekking sem tengist námi, kennslu, stjórnun og áhugasviði kennara og stjórnenda	Allt skólaárið	Utan/á skólatíma í samráði við skólastjórnendur	Kennarar/Skólastjórnendur/MSHA
Skólastjórnendur	ESHA ráðstefna	Aukin þekking sem tengist skólastjórnun, skólastarfi og tengslamyndun	19.-23. október	Á starfstíma skóla	FSNE sér um ferðatilhögun í samráði við Sí og skólastjórnendur
Kennarar/allt starfsfólk	Námskeið/fyrirlestrar/jafningjafræðsla á starfsdögum, starfsmannafundum/kennarafundum/stigsfundum	Aukin þekking í starfi	Allt skólaárið	Á starfstíma skóla	Skólastjórnendur sjá um skipulag í samræmi við stefnu skólans
Skólastjórnendur	Námskeið/Jafningjafræðsla/samræður, lærdómssamfélag	Aukin þekking sem tengist skólastjórnun og lærdómssamfélagi	Allt skólaárið	Á starfstíma skóla	Sviðsstjóri fræðslusviðs
Skólastjórnendur/kennarar	Námskeið og fyrirlestrar um fagmennsku í skólastarfi	Aukin þekking á skólastarfi og fagmennsku í skólastarfi	Haustönn/vorönn	Á starfstíma skóla, fundartíma	Skólastjórnendur í samstarfi við MSHA og HA

Lundarskóli**Starfsáætlun 2020-2021**

Skólastjórnendur/kennarar	Námskeið og fyrirlestrar um Teymisvinnu	Þjálfá vinnubrögð sem tengjast nánu samstarfi, teymisvinnu	Haustönn/ vorönn	Á starfstíma skóla, fundartíma	Skólastjórnendur í samstarfi við MSHA og HA
Kennarar	Námskeið, menntabúðir, jafningjafræðsla, námskeið sem tengjast UT	Þróun í upplýsinga og tæknimennt	Haustönn/ vorönn	Utan/á skólatíma í samráði við skólastjórnendur	Kennarar/ skólastjórnendur



Endurmenntunaráætlun 2020-2021

Lundarskóli styður starfsmenn í viðleitni þeirra til að ná sem bestum árangri í skólastarfinu og besta mögulegum árangri með nemendum skólans. Með þetta að leiðarljósi skal leita að sterkum hliðum starfsmanna, virkja þær og styrkja.

Starfsþróunar- og endurmenntunaráætlun skólans tekur mið af neðangreindum markmiðum og einnig því ákvæði laga um grunnskóla að kennarar og skólastjórar skuli eiga kost á endurmenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína og kynnast markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum.

Markmið:

- að styrkja starfsmenn í því starfi sem fram fer innan skólans.
- að viðhalda og bæta menntun starfsmanna, auka þeim vísýni og persónulega lífsfyllingu.
- að styrkja menntun/starfsþróun- og endurmenntun starfsmanna í samræmi við óskir þeirra sjálfra og í samræmi við stefnu skólans.

Skólinn býður upp á námskeið, teymisvinnu starfsþróunarhópa, jafningjastuðning og fyrirlestra í samræmi við markmiðin en auk þess geta starfsmenn sótt um styrki til endurmenntunar samkvæm eigin óskum í sjóði eigin stéttafélags. Þá verða haldin námskeið fyrir starfsmenn til að undirbyggja vinnu í samræmi við þróun á skólastarfi og stefnu skólans þar sem áhersla er lögð á Aðalnámskrá grunnskóla, SMT skólafærni, foreldrasamstarf, fjölbreytta kennsluhætti, námsmat/frammistöðumat (K3), heilsueflingu, þróunarstarf, faglegt samstarf starfsfólks, samstarf milli skólastiga, skipulagða fundi, og aukið samstarf og gleði meðal starfsfólks. .

Kennarar í framhaldsnámi geta sótt um það til skólastjóra að fá nám sitt metið sem endurmenntun og í framhaldi af því um undanþágu frá námskeiðum á vegum skólans.



Áætluð starfsþróun og endurmenntun starfshópa og einstaklinga 2020-2021

Starfshópur	Lýsing á símenntun	Tilgangur	Tímabil	Tímafjöldi	Ábyrgð/kostnaður
Kennarar og stjórnendur	Endurmenntun á starfsdegi í ágúst	Aukin þekking og færni í starfi	14.ágúst	1 dagur	Skólastjórnendur á Akureyri og MSHA
Nýtt starfsfólk	Upplýsingar um skólann	Kynnast skólasamfélaginu.	17. ágúst	1-2 klst.	Skólastjórnendur
Skólaliðar/stuðningsfulltrúar	Námskeið	Aukin færni í starfi	Starfsdagar í ágúst (20. og 21. ágúst)	½ - 1 dagur	Símei
Þróunarteymi kennara	Þróun og aðhald á starfsáttum og stefnu skólans. Kennarar starfa í nefndum/teymum sem leggja áherslu á SMT skólafærni, heilsueflingu og framþróun á kennsluháttum, samstarfi á milli skólastiga, og erlendu samstarfi	Öðlast frekari færni í starfi og stuðla að jafningjastuðningi í námi og kennslu. Þróa starfshætti skóla	Allt skólaárið	Unnið meðal annars á starfstíma skóla. Teymi geta áætlað tíma utan starfstíma og skrá endurmenntun	Kennarar og skólastjórnendur Mögulegur stuðningur frá Miðstöð skólaþróunar HA
Kennarar	Samstarfsverkefni Erasmus Plus. Þróa starfshætti, nám og kennslu í samstarfi við erlenda skóla	Auka þekkingu, vísýni í námi og kennslu	Skólaárið 2020 -2021	Unnið meðal annars á starfstíma skóla. Teymi áætla tíma utan starfstíma og skrá endurmenntun	Skólastjóri og kennarar á unglingastigi og sem taka þátt í samstarfsverkefninu
Kennarar/allt starfsfólk	Jafningjafræðsla SMT	Aukin færni í starfi og viðhald á SMT skólafærni	Allt skólaárið	Unnið á starfstíma skóla	SMT teymi
Kennarar	Kynningar teyma á verkefnum í skólanum. Allir árgangar kynna verkefni/starfshætti. Jafningjafræðsla	Aukin þekking sem tengist kennslu og áhugasviði teyma	Vor 2020	Starfstími skóla að vori	Skólastjórnendur/kennarar



Kennarar	Kynningar á þróunarstarfi nefnda/teyma. Þeir sem vinna að þróunarstarfi kynna verkefni/starfshætti. Jafningjafræðsla	Aukin þekking sem tengist kennslu og áhugasviði teyma	Haust 2020/vor 2021	Starfstími skóla að vori	Skólastjórnendur/kennarar
Kennarar	SMT/PMT fræðsla/námskeið	Grunnmenntun PMT	Haustönn/vorönn	Ca. 16-24 klst.	Fjölskyldudeild
Kennarar/allt starfsfólk	Heilsueflandi grunnskóli, jafningjafræðsla	Vellíðan í starfi og aukin þekking í tengslum við stefnu skólans um heilsueflandi grunnskóla	Allt skólaárið	Unnið á starfstíma skóla	Nefnd um heilsueflandi grunnskóla
Kennarar og stjórnendur	Námskeið/nám/ráðstefnur í tengslum við skólastarf	Aukin þekking sem tengist námi, kennslu, stjórnun og áhugasviði kennara og stjórnenda	Allt skólaárið	Utan/á skólatíma í samráði við skólastjórnendur	Kennarar/Skólastjórnendur/MSHA
Skólastjórnendur	ESHA ráðstefna	Aukin þekking sem tengist skólastjórnun, skólastarfi og tengslamyndun	19.-23. október	Á starfstíma skóla	FSNE sér um ferðatilhögun í samráði við SÍ og skólastjórnendur
Kennarar/allt starfsfólk	Námskeið/fyrirlestrar/jafningjafræðsla á starfsdögum, starfsmannafundum/kennarafundum/stigsfundum	Aukin þekking í starfi	Allt skólaárið	Á starfstíma skóla	Skólastjórnendur sjá um skipulag í samræmi við stefnu skólans
Skólastjórnendur	Námskeið/Jafningjafræðsla/samræður, lærdómssamfélag	Aukin þekking sem tengist skólastjórnun og lærdómssamfélagi	Allt skólaárið	Á starfstíma skóla	Sviðsstjóri fræðsluviðs
Skólastjórnendur/kennarar	Námskeið og fyrirlestrar um fagmennsku í skólastarfi	Aukin þekking á skólastarfi og fagmennsku í skólastarfi	Haustönn/vorönn	Á starfstíma skóla, fundartíma	Skólastjórnendur í samstarfi við MSHA og HA



Skólastjórnendur/kennarar	Námskeið og fyrirlestrar um Teymisvinnu	Þjálfa vinnubrögð sem tengjast nánu samstarfi, teymisvinnu	Haustönn/ vorönn	Á starfstíma skóla, fundartíma	Skólastjórnendur í samstarfi við MSHA og HA
Kennarar	Námskeið, menntabúðir, jafningjafræðsla, námskeið sem tengjast UT	Þróun í upplýsinga og tæknimennt	Haustönn/ vorönn	Utan/á skólatíma í samráði við skólastjórnendur	Kennarar/ skólastjórnendur

**Innra mat**

Innra mat Lundarskóla

matsáætlun Lundarskóla 2019-2020

Um innra mat í skólum segir m.a. í grunnskólalögum "Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
- Auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum, efla fagmennsku, starfs- og skólaþróun ásamt því að styrkja skólann sem lærdómssamfélag.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð eiga að vera við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður innra mats skal nýta til umbóta í skólastarfi.

Viðfangsefni innra mats er í samræmi við stefnu og markmið skólans varðandi nám og kennslu, mannauð, stjórnun, skólabrag og sérstaka viðburði skv. skóladagatali innan skólans og miða að skóla sem lærdómssamfélagi. Matsþættirnir eru metnir samkvæmt áætlun til fjögurra ára þar sem mikilvægir þættir eru metnir árlega en aðrir þættir annað hvert ár eða sjaldnar. Við mat á hverjum áhersluþætti fyrir sig er stuðst við gátlista frá Menntamálastofnun varðandi innra mat <https://mms.is/> sjá nánar (https://mms.is/sites/mms.is/files/innra_mat_grunnskoli.pdf).

Í þessu skjali er matsáætlun fyrir skólaárið 2020 – 2021.



Matsáætlun 2020 - 2021

Matsverkefni	Hvernig á að meta	Hver sér um matið	Þátttakendur í matinu	Hvenær á að meta
Nám og kennsla:				
Inntak, árangur og framfarir	Skólapúlsinn, samræmd könnunarpróf, læsi, niðurstöður úr námsmati	Deildarstjóri eldri deildar/Jóhannes/kennarar	Nemendur	Allt skólaárið
Mannauður:				
Fagmennska starfsfólks	Spurningakönnun, rafræn könnun, kennarar	Matsnefnd	Allt starfsfólk	Nóvember/desember
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	Kaffihúsafundur, allt starfsfólk	Matsnefnd	Allt starfsfólk	1x á skólaári
Stjórnun og skipulag:				
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Gátlisti „Innihald skólanámskrár“	Matsnefnd	Kennarar/stjórnendur	1 x á skólaári
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Spurningalisti til starfsfólks	Matsnefnd	Allt starfsfólk	1x á skólaári
Stjórnun skólans	Spurningalisti til starfsfólks	Matsnefnd	Allt starfsfólk	1x á skólaári
Faglegt samstarf	Kaffihúsafundur, rýnihópavinna	Matsnefnd	Kennarar	1x á skólaári
Skólaþróun og starfsþróun	Kaffihúsafundur, rýnihópavinna	Matsnefnd	Kennarar/stjórnendur	1x á skólaári
Skólabragur:				
Velferð og líðan nemenda	Kaffihúsafundur, rýnihópavinna	Stjórnendur	Allt starfsfólk og nemendur	1x á skólaári
Samstarf heimila og skóla	Skoðanakönnun til foreldra/Skólapúlsinn	Matsnefnd	Foreldrar	1x á skólaári
Sérverkefni skólans:				
SMT- aga stefna	Matsblað og niðurstöður úr SET listum	Teymi SMT	Allt starfsfólk/nemendur	1x á skólaári
Starfs- og skólaþróunarhópar	Umræður, kynning og skýrsla	Þróunarhópur	Kennarar	Vor 2021
Teymisvinna	Kynningar og skýrsla teyma	Teymi árganga	Teymi árganga	Vor 2021
Heilsueflandi grunnskóli	Umræður, kynning og skýrsla	Teymi um heilsueflandi grunnskóla	Allt starfsfólk/teymi heilsueflandi grunnskóla	Vor 2021
Sérstakir viðburðir/uppbrotsdagar skv. skóladagatali	SVÓT greining	Teymi sem stýra sérstökum verkefnum og deildarstjórar	Allt starfsfólk	Allt skólaárið
Innra mat:				
Framkvæmd innra mats	Unnið samkvæmt matsáætlun fyrir hvert skólaár	Matsnefnd	Allt skólasamfélagið, fer eftir matsþáttum	Allt skólaárið



Umbótastarf í kjölfar innra mats	Niðurstöður og umbótaáætlun árlega	Matsnefnd	Allt skólasamfélagið, fer eftir matsþáttum	Allt skólaárið
----------------------------------	------------------------------------	-----------	--	----------------



Stoðþjónusta í Lundarskóla

Vakni áhyggjur af námi, hegðun, félagslegri stöðu eða líðan barna eru ýmis úrræði til innan skólans. T.d. getur námsráðgjafi eða hjúkrunarfræðingur komið að málum eða SMT lausnateymi skólans. Ef málin varða einelti geta kennarar/foreldrar að óskað eftir stuðningi frá eineltisteymi skólans.

Skólinn og foreldrar geta sótt sér ýmsa þjónustu / ráðgjöf utan skólans ef áhyggjur vakna varðandi nám, hegðun, félagslega stöðu eða líðan nemenda. Skólinn leitar til fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar í gegnum tilvísanakerfi og geta foreldrar því leitað til skólans ef áhyggjur vakna.

Lausnateymi

Við skólann er starfandi lausnateymi sem hluti af SMT skólafærni. Í lausnateyminu sitja tveir kennarar, námsráðgjafi og deildarstjóri unglíngastígs. SMT lausnateymið vinnur að málefnum einstaklinga eða hópa. Kennarar geta óskað eftir stuðningi teymisins við lausn einstaklingsmála eða málefna hópa.

Áætlun gegn einelti

https://www.lundarskoli.is/static/files/2020/adgerdaraetlun-gegn-einelti-og-ofbeldi-i-lundarskola_uppfaert2020_pdf.pdf

Nemendaverndarráð

Samkvæmt grunnskólalögum og reglugerð nr. 584/2010 starfar nemendaverndarráð í Lundarskóla. Þar er gert ráð fyrir samstarfi við fulltrúa heilsugæslu og sérfræðiþjónustu skóla. Það skal m.a. fjalla um skipulag og framkvæmd sérkennslu innan skólans. Nemendaverndarráð skal einnig gefa skólastjóra ráð um hvernig best skuli stuðlað að jákvæðu námsumhverfi fyrir nemendur og alhliða velferð þeirra. Í ráðinu eiga sæti skólastjóri, deildarstjórar, skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og starfsmenn frá fjölskyldudeild Akureyrarbæjar.

Námsráðgjafi

Námsráðgjafi starfar samkvæmt eftirfarandi starfslýsingu fyrir námsráðgjafa við grunnskóla Akureyrar:

1. Helstu verkefni:

- veitir nemendum ráðgjöf í einkamálum þannig að þeir eigi auðveldara með að ná settum markmiðum í námi sínu
- veitir nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og fræðslu um nám, störf og atvinnulíf
- leiðbeinir nemendum um vinnubrögð í námi



- tekur þátt í að skipuleggja náms- og starfsfræðslu í skólanum
 - undirbýr nemendur undir flutning milli skóla og/eða skólastiga og fylgir þeim eftir inn í framhaldsskóla
 - aðstoðar nemendur við að gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum og meta hæfileika sína raunsætt miðað við nám og störf
 - sinnir fyrirbyggjandi starfi, til dæmis vörnum gegn vímuefnum, einelti og ofbeldi í samstarfi við starfsmenn skóla og aðra, svo sem starfsmenn félagsmiðstöðva.
2. Námsráðgjafi situr fundi nemendaverndarráðs í þeim skóla/skólum sem hann starfar. Nemendaverndarráð er formlegur starfsvettvangur námsráðgjafa og annarra er annast þjónustu við nemendur (sbr. reglugerð).
 3. Sinnir ráðgjöf við nemendur sem eiga í námstengdum og persónulegum vanda. Námsráðgjafi er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda.
 4. Vinnur í nánun samstarfi við foreldra eftir því sem við á. Einnig hefur hann samráð og samstarf við aðra sérfræðinga innan eða utan skólans, svo sem sérkennara, skólahjúkrunarfræðing og skólasálfræðing og vísar málum einstaklinga til þeirra eftir því sem við á.
 5. Gætir fyllsta trúnaðar varðandi upplýsingar og sýnir tillitssemi í samskiptum við annað starfsfólk og nemendur.
 6. Sinnir einnig öðrum þeim verkefnum sem skólustjóri kann að fela honum, enda samrýmist þau starfssviði hans. (Sjá starfslýsingu fyrir námsráðgjafa sem starfa við grunnskóla Akureyrar. Samþykkt á fundi skólaneftdar 09.04.2001)

Ráðgjöf frá Fjölskyldudeild

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta er veitt af skólateymi fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar. Í skólateyminu eru bæði sálfræðingar og sérkennarar. Þeir taka við óskum um aðstoð frá skólanum og eru foreldrar hvattir til að ræða við umsjónarkennara eða stjórnendur ef þeir hafa áhuga á að leita aðstoðar eða ráðgjafar hjá starfsfólki fjölskyldudeildar. Fundir nemendaverndarráðs koma málefnum nemenda til fjölskyldudeildar.

Skólahjúkrun

Heilsugæsla Lundarskóla heyrir undir HSN.

Hlutverk heilsugæslu í skólum er að sinna heilsuvernd nemenda og hún er framhald af ung- og smábarnavernd. Starfsemi heilsuverndar grunnskólabarna er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Hún er meðal annars fólgin í reglubundnum skimunum og eftirliti, ónæmisáðgerðum, heilbrigðisfræðslu og teymisvinnu kringum einstök mál.

Hver skóli hefur hjúkrunarfræðing og skólalækni jafnframt því sem hvert barn hefur sinn heimilislækni. Heilsugæslu í grunnskólum Akureyrar er sinnt af hjúkrunarfræðingum og læknum frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands HSN.

Hjúkrunarfræðingur Lundarskóla er Sóley Kristín Sigurðardóttir soleyk@akmennt.is



Viðverutími hennar er:

Mánudagar	Þriðjudagar	Miðvikudagar	Fimmtudagar	Föstudagar
Lundarskóli	Rósenborg	Lundarskóli	Lundarskóli	Rósenborg
08:15 – 14:00	08:15 - 14:00	08:15 - 14:00	08:15 – 14:00	8:15 – 14:00

Markmiðið með heilsugæslu í skólum er að stuðla að því að börn fái að þroskast við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Til þess að vinna að markmiði þessu er fylgst með börnunum svo að möguleg frávik finnist og viðeigandi ráðstafanir verði gerðar sem fyrst. Áhersla er lögð á að fyrst og fremst beri foreldrar ábyrgð á heilsu og þroska barna sinna, en starfsfólk heilsugæslu í skólum fræði, hvetji og styðji foreldra í hlutverki sínu. Á heimasíðu Landlæknis má finna nánari upplýsingar um heilsuvernd grunnskólabarna, bólusetningar(ónæmisaðgerðir), skimanir(skólaskoðun) og ráðleggingar til foreldra um heilbrigðistengd málefni.

Skipulögð heilbrigðisfræðsla og hvatning til heilbrigðra lífshátta verður unnin eftir því sem unnt er. Byggt er á hugmyndafræðinni um 6-H heilsunnar sem er verkefni Landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar.

Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra / forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda.

Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Slys og óhöpp á skólatíma

Hlutverk hjúkrunarfræðings er ekki að vera með opna móttöku fyrir erindi sem ekki teljast bráð

Hjúkrunarfræðingur veitir fyrstu hjálp þegar alvarlegri slys verða í skólanum og er starfsfólki skólans til stuðnings og ráðgjafar þegar upp koma veikindi og slys hjá nemendum, á þeim tíma sem hjúkrunarfræðingur er við störf.

Ef smáslys eða óhapp verður á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp.

Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild skulu foreldrar/forráðamenn fara með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins.

Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt af skólaheilsugæslunni. Foreldrum er bent á að snúa sér til heimilislæknis og Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri með heilsufarsmál sem ekki teljast til heilsuverndar grunnskólabarna.

Líkamlegar skoðanir skv. tilmælum Landlæknis

1. bekkur Hæð, þyngd, sjón og Lífsstílsmat.
Hafi börnin ekki farið í fjögurra ára skoðun eru börnin bólusett við stífkrampa, barnaveiki og kíghósta í samráði við foreldra, hafi þau ekki fengið þessa bólusetningu.



2. bekkur Hæð, þyngd, sjón og lífsstílsmat.
3. bekkur Hæð, þyngd, sjón og lífsstílsmat. Bólusetning gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt. Stúlkur eingöngu fá Cervarix (HPV-bólusetning til varnar leghálskrabbameini) x2 um veturinn.
4. bekkur Hæð, þyngd, sjón og lífsstílsmat. Bólusetting gegn barnaveiki, stífkrampa, kíghósta og mænusótt.

Börn í öllum bekkjum eru mæld og skoðuð eftir þörfum.

Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á líðan og heilbrigði barna sinna. Góð samvinna og gott upplýsingaflæði er mikilvægt til að starfsfólk heilsugæslu geti sinnt starfi sínu sem best. Því eru foreldrar hvattir til að hafa samband við hjúkrunarfræðing skólans ef einhverjar breytingar verða hjá barninu sem gætu haft áhrif á andlegt, líkamlegt eða félagslegt heilbrigði þess. Að sjálfsögðu er fyllsta trúnaðar gætt um mál einstakra nemenda.

Vilji foreldrar/forráðamenn fá upplýsingar um einstök atriði, hvað varðar heilsugæsluna er þeim velkomið að hafa samband við hjúkrunarfræðing skólans.

Ef foreldrar/forráðamenn vilja ekki að börn þeirra taki þátt í einhverju af því sem heilsugæslan býður nemendum upp á, eru þeir beðnir um að hafa samband við hjúkrunarfræðing sem fyrst. Ef ekkert heyrir frá foreldrum verður litið á það sem samþykki.

Lyfjagjafir í skólum

Í tilmælum frá landlækni um lyfjagjafir í grunnskólum kemur meðal annars fram að foreldrum/forráðamönnum beri að afhenda hjúkrunarfræðingum þau lyf sem börn/unglingar eigi að fá í skólanum og að börn/unglingar skuli aldrei vera sendiboðar með lyf.

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Landlækniseimbættisins.

<http://www.landlaeknir.is/gaedi-og-efartilrit/heilbrigdisstarfsfolk/dreifibref/nanar/item14865/Dreifibref-Nr-7/2010-Lyfjagjafir-i-grunnskolum>

Foreldrar /forráðamenn þeirra barna/unglinga sem þurfa að taka lyf á skólatíma eru vinsamlega beðnir að hafa samband við hjúkrunarfræðinga skólans til skrafs og ráðagerða um hvernig best verði komið til móts við þessi tilmæli.

Lús

Við viljum minna fólk á að skoða reglulega hár barna sinna og láta hjúkrunarfræðing vita ef lús finnst. Nánari upplýsingar um lúsina er að finna á heimasíðu Landlækniseimbættisins.

Hjúkrunarfræðingar grunnskólanna kemma ekki börnum í skólanum.

Nitty Gritty leiðbeiningar

Höfuðlús í fjölskyldunni

**Verklagsreglur varðandi lúsina!**

Þegar lús kemur upp í bekk/jum þá sendir hjúkrunarfræðingur eða starfsmaður skólans bréf heim (rafrænt) til nemenda viðkomandi árgangs þar sem tilkynnt er að lús hafi komið upp í árganginum og foreldrar beðnir um að skoða og kemma. Einnig eru sendar heim leiðbeiningar um lúsameðferð.

Jafnframt þessu er sent bréf (rafrænt) heim til allra nemenda og tilkynnt að það hafi komið upp lús í skólanum.

Ef lús kemur aftur upp í sama árgangi innan tveggja vikna er bréf sent heim þar sem foreldrar kvitta fyrir að hafa kempt barninu sínu. Ef barnið kemur ekki með undirritað bréf í skólann þá er hringt í foreldra og ef í ljós kemur að barninu hefur ekki verið kempt eru foreldrar beðnir um að sækja barnið. Barnið getur síðan komið í skólann aftur eftir kemmingu nema lús hafi fundist, þá er gripið til viðeigandi meðferðar.

Ef barn greinist með lús er æskilegt að barnið sé heima daginn eftir meðferð.

Sjá nánari upplýsingar: Fróðleikur um lús. [https://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/smitsjukdomar/sjukdomur/item12489/Hofudlus-\(Pediculus-humanus-capitis\)](https://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/smitsjukdomar/sjukdomur/item12489/Hofudlus-(Pediculus-humanus-capitis))

Fróðleikur

Foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á líðan og heilbrigði barna sinna.

Við viljum benda foreldrum/forráðamönnum barna á mikilvægi þess að þau fái nægan svefn, hvíld og neyti morgunverðar. Lögð er áhersla á gildi þess að börnin komi með hollt nesti í skólann. Skorti þetta fá þau ekki notið þeirrar kennslu og þess starfs sem fram fer í skólanum. Svengd og skortur á svefni og hvíld leiða til þreytu. Börnin þola ekki langa setu og hætt er við að námsefnið fari fyrir ofan garð og neðan.

Að gefnu tilefni viljum við benda á að mikilvægt er að taka lýsi og D-vítamín.

Hæfilegur svefntími er talinn vera:

5-8 ára börn u.þ.b. 10-12 klst. á sólarhring.


9-12 ára börn u.þ.b. 10-11 klst. á sólarhring.

13-15 ára börn u.þ.b. 9-11 klst. á sólarhring.



Lundarskóli skólaárið 2020-2021

Þjónustuferli við börn með sérbarfir.





Heildaráætlun eldvarna í Lundarskóla v/Dalsbraut

Eftirlitsmaður frá slökkviliðinu tekur árlega út húsnæði skólans og gerir tillögur um úrbætur sé brunavörnum að einhverju leyti ábótavant. Eftirlitsmaðurinn aðstoðar stjórnendur skólans við endurskoðun rýmingaráætlunar, skipuleggur með þeim rýmingaræfingar og metur þær ásamt þeim slökkviliðsmönnum sem að æfingunni koma hverju sinni.

Í lögum um Brunavarnir og brunamál nr. 75/2000 og Byggingarreglugerð nr. 441/1998 kemur fram að í skólahúsnæði skulu vera brunaviðvörunarkerfi og áætlanir um rýmingu húsnæðis beri eldsvoða að höndum.

Í Lundarskóla er brunaviðvörunarkerfi sem tengt er Securitas. Fari kerfið í gang er unnið skv. rýmingaráætlun skólans. Ef um staðfestan eld er að ræða þá fær slökkvilið strax tilkynningu og vinnur samkvæmt áætlun um útköll. Innan tveggja mínútna er gert ráð fyrir að slökkvibíll leggi af stað frá stöðinni. Þá mun lögreglan einnig koma að skólanum.

Starfsfólk Lundarskóla hefur í samvinnu við eldvarnareftirlit Slökkviliðs Akureyrar gert áætlun um rýmingu skólahúsnæðisins. Þar er mælt fyrir um hvernig nemendur, starfsfólk og aðrir sem í skólanum eru skuli bregðast við ef fyrirmæli eru gefin um að rýma húsnæðið. Gert er ráð fyrir tveimur rýmingaræfingum á hverju skólaári, í október og í mars. Þær fara fram í samvinnu við eldvarnareftirlitið, slökkviliðið og lögregluna. Fyrir æfingarnar fræða kennarar nemendur sína um eldvarnir, kynna þeim rýmingaráætlunina og hafa æfingu í að rýma skólann á skipulegan hátt. Til að rýmingaræfingar hafi sem mest gildi er nauðsynlegt að allir taki þær alvarlega og fari að fyrirmælum. Gott er að foreldrar ræði tilgang og mikilvægi æfinganna við börn sín. Komi fram ábendingar um eitthvað sem betur má fara tekur öryggisnefnd skólans þær til skoðunar.

Mikilvægt:

Pegar neyðarhringing heyrir verða ALLIR að bregðast við eins og um bruna sé að ræða.

- Á öllum svæðum í Lundarskóla hanga upp leiðbeiningar fyrir hvert svæði ásamt teikningum af útgönguleiðum.
- Rýmingaræfingu skal halda tvisvar á hverju skólaári.

Ábyrgð:

- Húsvörður sér um að sýna nýjum starfsmönnum slökkvitæki og útgönguleiðir.
- Húsvörður sér um að allar útgönguleiðir séu alltaf færar.
- Húsvörður ber ábyrgð á að slökkvitæki séu yfirfarin á hverju ári
- Allir starfsmenn bera jafna ábyrgð á að rýma húsnæðið.
- Kennari/forfallakennari ber ábyrgð á sínum umsjónarþekki á svæði bekkjarins þegar búið er að rýma skólahúsnæðið og nafnakalli meðan á æfingu stendur.

Aðgerðir

1. Viðvörðunarkerfið fer í gang:

- Húsvörður og skólastjóri skoða stjórnstöð kerfisins, slökkva á bjöllunni og kanna hvaðan boðin koma. Allir fara í viðbragðsstöðu.
- Ritarar eru í sambandi við Securitas á meðan leitað er skýringa á því að kerfið fór í gang. Þeir tilkynna Securitas.

2. Viðvörðunarkerfið fer aftur í gang : Skólinn rýmdur samkvæmt áætlun. Öll rými rýmd.

Útgönguleið könnuð, byrjað á að athuga hvort hurðin sé heit eða hvort reykur sé. Kennari tekur nafnakall. Nemendur fara út í einfaldri röð, kennari fer síðastur með mætingalistann



og lokar hurðinni, læsir ekki. Ef björgunarop er eina leiðin út er nemendum í kjallara hjálpað út en á efri hæðum er beðið eftir aðstoð. Nemendur fara á sinn stað á grasfótboltavellinum. 1. bekkur austast (næst skólanum) og 10. bekkur vestast (fjærst skólanum). Aðrir bekkir þar á milli í réttri röð. Þar taka kennarar manntal aftur og koma skilaboðum ef einhvern vantar til þeirra sem eru við aðalanddyri skólans. Starfsfólk sem statt er annars staðar í skólahúsinu fer út skv. áætlun og aðstoðar við að koma nemendum í raðir og að halda hurðum opnum ef þarf. Allir aðrir aðstoða við að halda nemendum á sínum stað. Skólaliðar rýma snyrtingar og loka dyrum þar inn - læsa ekki. Ef nemendur eru á snyrtingum safnar skólaliði þeim saman og fylgir þeim út um næstu útidyr og til sinnar bekkjardeildar. Skólaliðar verða staðsettir fyrir framan útganga og varna því að farið sé inn í skólann. Beðið eftir tilkynningu frá skólastjórnendum um næstu skref.

- Húsvörður, ritarar og skólastjórnendur eru staðsettir við aðalanddyri skólans.
- Stjórnendur aflýsa hættuástandi úti með því að veifa höndum eftir að ákvörðun hefur verið tekin um það.

Ef eldur kemur upp í frímínútum:

1. Skólaliðar á göngum fara í allar stofur og snyrtingar og ganga úr skugga um að enginn nemandi sé inni. Séu nemendur inni er þeim safnað saman í einfalda röð og skólaliði fylgir þeim út um næstu útgöngudyr - loka stofunum - læsa ekki. Skólaliðar fara síðastir út. Aðrir sem eru í skólahúsnæðinu fara út skv. áætlun og aðstoða þegar út er komið. Umsjónarkennarar finna sinn hóp og koma þeim á réttan stað.
2. Í löngu frímínútum hjá unglíngastiginu: Þeir sem eru fyrir framan salinn fara í salinn og þaðan út. Skólaliðar á tengigangi uppi safna nemendum saman og senda þá út um næsta útgang. Fara svo inn á A-gang og aðstoða nemendur við að fara út að sunnan.
3. Þeir sem eru á útivakt sjá til þess að enginn fari inn, taka á móti nemendum við útganga og vísa þeim á réttan stað. Safna nemendum saman vestan við skólann og byrja að raða nemendum upp.